



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2015

ENSK2HB05

Hagnýt enska

Kennari: Ágústa Rúnarsdóttir	Sk.st.	ARU
--	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er gerð krafa um sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur lesa og hlýða á ólíka texta og nota orðabók þegar þörf krefur. Áhersla er lögð á talþjálfun og hlustunaræfingar. Leitast er við að auka hagnýtan orðaforða nemenda með æfingum og verkefnum. Þjálfun í talmáli fer fram með les- og hlustunarefni. Í skriflegum verkefnum er gerð krafa um agaða setningaskipan, nákvæman orðaforða og skipulega framsetningu.

Undanfari: ENSK2HA05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal þekkja og skilja:

- grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem enska er móðurmál
- ólík viðhorf og gildi og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasambönd og þverfaglegan orðaforða
- notkun tungumálsins í þeim tilgangi að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu uppsetningarhefðir og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

Leikniviðmið:

Nemandi skal öðlast leikni í að:

- skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- lesa margskonar texta og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni
- skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, ef hann þekkir vel til þess
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- lesa á milli línanna
- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt og beita tungumálinu af tiltölulegri nákvæmni við margskonar aðstæður
- geta útskýrt sjónarmið varðandi málefni sem eru ofarlega á baugi
- skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsefni:

- a) Ritunar, hlustunar- og málfræðiverkefni frá kennara
- b) Man from the South – Smásagnasafn eftir Roald Dahl
- c) Buddy – Skáldsaga eftir Nigel Hinton
- d) Annað efni frá kennara
- e) Ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók

Sérreglur áfangans:

Nemendur fylgjast með kennsluáætlun, verkefnaskilum og tilkynningum á Moodle.

Nemendur fá núll fyrir verkefni/próf sem ekki ert skilað á réttum tíma nema til komi lögleg forföll. Ekkert lokapróf er í áfanganum og því er skilaskylda á öllum verkefnum.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Málfræði og ritun	Skilaverkefni frá kennara	25%
Smásögur	Man from the South – próf x 5	25%
Skáldsaga	Buddy - tímaritgerð	25%
Orðaforði	Myndbönd frá kennara - skilaverkefni x 5	20%
Ástundun	Huglægt og hlutlægt mat kennara	5%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar!